

KYNJUÐ HAGSTJÓRN

Sanngjörn dreifing fjármuna til mismunandi þjóðfélagshópa

Í jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs 2015-2018 er ákvæði um innleiðingu á kynjaðri fjárhagsáætlunargerð. Í áætluninni er einnig notað vinnuheitið „sanngjörn dreifing fjármuna“ þar sem almennt er viðurkennt að „kynjuð fjárhagsáætlunargerð“ sé of þröngt skilgreint og nái ekki yfir margbreytileika mismunandi þjóðfélagshópa.

Með öðrum orðum skal bent á að jafnréttisáætlun sviðsins er ekki eingöngu kynjamiðuð heldur inniheldur hún ákvæði sem snýr að málefni fatlaðra, samkynhneigðs fólks og starfsmanna/nemenda með erlendan bakgrunn.

Jafnréttisnefnd háskólaráðs setti ákvæði um kynjaða fjárhagsáætlanagerð inn í sína jafnréttisáætlun 2013-2017. Í lögum um fjárlagagerð ríkisins er fjallað um innleiðingu á kynjaðri fjárlagagerð (e. gender budgeting) í allri áætlanagerð ráðuneyta og stofnana ríkisins. Það má því sjá mismunandi orðnotkun í tengslum við sambættingu jafnréttissjónarmiða við gerð fjárlaga, fjárhags- og/eða starfsáætlana hjá opinberum stofnunum og sveitarfélögum.

Hugsunin á bak við hugmyndafræðina er þó hin sama, þ.e.a.s. að greina hvernig opinberu fé er deilt út til ólíkra hópa í samfélaginu og hvaða áhrif það hefur eða getur haft á þessa hópa.

Jöfnum leikinn (2009)

Í handbókinni *Jöfnum leikinn* sem Jafnréttisstofa gaf út (2009) kemur fram að með kynjasambættingu sé spurt ákveðinna spurninga og beitt sé ákveðinni aðferðafræði við alla ákvarðanatöku og stefnumótun.

Með innleiðingu á kynjaðri fjárhagsáætlunargerð hjá Háskóla Íslands er notuð sambærileg aðferðafræði.

Í jafnréttisáætlun Félagsvísindasviðs má finna upplýsingar um hvaða verkefni sviðið ætlar að vinna að næstu misserin. Verkefnið felur í sér að gera greiningu á því hvernig sviðið deilir út því fjármagni sem það fær til reksturs fjölmennasta fræðasviðs Háskóla Íslands, greina áhrif og vinna að því að gera breytingar ef þess er þörf.